

1. maí 2009

Ávarp

Góðir félagar. Til hamingju með alþjóðlegan baráttudag launafólks!

Í dag safnast launafólk saman um allan heim til að leggja áherslu á kröfur sínar. Vissulega eru þær mismunandi eftir löndum og heimshlutum en alls staðar er grunnstefið það sama. Við krefjumst betra og manneskjulegra samfélags þar sem frelsi, jafnrétti og bræðralag er í fyrirrúmi.

Kjörorð okkar í dag er „Byggjum réttlátt þjóðfélag“. Á undanförunum árum höfum við orðið vitni að óheftri græðgi ákveðinna aðila í samfélaginu sem að lokum leiddi til hruns efnahagslífsins. Á þeim tíma jókst óréttlætið í þjóðfélaginu, launabilið varð að gjá og launamisrétti kynjanna hefur ekki verið meira í langan tíma. Nú þegar taka þarf til hendinni og hreinsa upp er mikilvægt að þeir sem sátu eftir á „góðæristímanum“ svokallaða verði ekki látnir moka flórin eftir fjárglæframennina.

BSRB hefur mótmælt niðurskurði á velferðarkerfi landsmanna til að mæta þeim skuldabagga sem nýfrjálshyggjan skilur eftir sig. Slíkt hefði í för með sér fjöldauppsagnir og verulega skerðingu á þjónustu og gengur þvert á það sem nú er brýnast að gera: Að stórefla velferðarþjónustuna og styrkja öryggisnet fjölskyldnanna. Á tímum samdráttar er fráleitt að grípa til ráðstafana sem auka á atvinnuleysi. BSRB hefur á undanförunum misserum margoft bent á hve þröngur stakkur mörgum samfélagsstofnunum er sniðinn og að það hamli því að þær geti sinnt hlutverki sínu.

Gífurlegt atvinnuleysi er bein afleiðing efnahagshrunsins. Í dag eru hátt í tuttugu þúsund Íslendingar atvinnulausir. Heilu atvinnugreinarnar eru í lamasessi og þúsundir launafólks sjá enga möguleika á nýjum störfum á næstu mánuðum. Fjölmörg fyrirtæki eru orðin gjaldþrota og þeim mun fjölga ört á næstu misserum verði ekkert að gert. Heimilin og fjölskyldurnar eiga í vaxandi erfiðleikum með að

láta enda ná saman. Við þessu verður að bregðast strax með öllum ráðum ef hrúnið á ekki að verða algjört þannig að til auðnar horfi.

Það eru grundvallar mannréttindi að hafa vinnu og geta framfleytt sér og sínum af henni. Niðurskurður er ekkert annað en ávísun á enn meira atvinnuleysi, enn verra ástand en blasir við í dag. Niðurskurður hjá hinu opinbera, til dæmis í heilbrigðiskerfinu bitnar yfirleitt verst á þeim sem minnst bera úr bótum - fólkinu við gólflistana, kvennastéttunum sem hafa gert umönnunarþjónustuna í landinu eina þá bestu í heiminum. Þessu fólki má alls ekki refsa í skjóli kreppunnar.

BSRB hafnar alfarið einhliða ákvörðunum stjórnenda fyrirtækja og stofnana um að lækka kjarasamningsbundin laun og skerða kjör til að mæta þverrandi tekjum. Það er ólöglegt að hreyfa við samningsbundnum kjörum starfsmanna. Allar hugmyndir um breytingar á kjörum, þar með talið á starfshlutfalli, á skilyrðislaust að ræða og vinna í fullu samráði við starfsfólk og stéttarfélög þess. Um þetta munum við standa vörð. Ástandið réttlætir engan veginn launalækkanir og skerðingu á kjörum almenns launafólks. Það hefur þegar orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu af völdum fjármálahrunsins. Á komandi mánuðum þarf samvinnu og samráð milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að takast á við atvinnuástandið. Slíkt samstarf yrði mikilvægt skref til þess að vinna bug á kreppunni.

Enn bólar ekki á raunhæfum ráðstöfunum til að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og verst þola áföllin. Þvert á móti hefur verið boðaður niðurskurður í velferðarkerfinu og er hans þegar farið að gæta.

Hætt er við að mikilvægur málaflokkur eins og jafnréttismál verði út undan nú þegar stjórnvöld grípa til aðgerða gegn kreppunni. Það má ekki gerast. Jafnréttismálin eru aldrei mikilvægari en nú. Í ár er 30 ára afmæli kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en hann er samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Okkur hefur vissulega miðað fram á veginn en enn er mikið starf óunnið á þeim vettvangi, bæði hér heima en ekki síður víða erlendis. Í kosningunum um síðustu helgi tókst að rétta hlut kvenna á Alþingi verulega. Nú eru um 43% alþingismanna konur. Þá fer kona í fyrsta skipti fyrir ríkisstjórn Íslands. Konur eru hins vegar enn í miklum minnihluta í almennum stjórnunarstörfum, bæði hjá hinu opinbera og einnig á almenna vinnumarkaðnum. Því þarf að breyta.

Jafnréttisnefnd BSRB er að undirbúa aukna fræðslu og þekkingu í jafnréttismálum. Nefndin mun marka sér stefnu og í framhaldi af því mun BSRB leggja aukna áherslu á jafnréttismál - bæði með beinum aðgerðum og fræðslu.

Góðir félagar!

Útlitið í samfélagi okkar er vissulega dökkt nú um stundir en með sameiginlegu átaki og samvinnu getum við unnið bug á kreppunni. Umfram allt verðum við að halda ótrauð áfram á þeirri braut sem verkalýðshreyfing síðustu aldar markaði. Forverar okkar sóttu fram til bættra lífskjara og áttu stóran þátt í því að byggja upp velferðarkerfi 20. aldar. Stórir sigrar voru unnir við erfiðar aðstæður – þeir voru unnir með sannfæringu, krafti og bjartsýni að vopni. Með sömu vopnum þurfum við að byggja til framtíðar réttlátt þjóðfélag. Félagar sækjum fram til aukins jafnréttis á öllum sviðum.